


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Sampykkt:SHJ		
Síða 1 af 2	<b>Samskipti 103 (SAM103) FJARNÁM</b>	
<b>Kennsluáætlun vorönn 2014</b>		


<b>Kennari</b>	<b>María Albína Tryggvadóttir</b>	<b>Sk.st.</b>	<b>MAL</b>
----------------	-----------------------------------	---------------	------------

**Áfangalýsing:** Í áfanganum er fjallað um gildi virðingar og fordómaleysis í samskiptum. Viðbrögð fólks við kvíða- og streituvaldandi aðstæðum rifuð upp. Lögð er áhersla á sjálfstyrkingu nemenda og farið í þá þætti sem styrkja sjálfstraust og ákveðni í samskiptum. Skoðað er hvernig líkamstjáning getur mótað gæði samskipta. Tjáskiptareglur ólíkra menningarsvæða eru kynntar. Nemandi metur hvernig tjáskipti án orða hefur áhrif á samskipti daglegs lífs. Athugað er hvernig virk hlustun eykur gæði samskipta. Í lok áfangans er skoðað hvað viðtalstækni felur í sér og hvað vert er að hafa í huga í samræðum um viðkvæm málefni.

**Markmið:** Meginmarkmið er að nemandi geri sér grein fyrir gildi samskipta í starfi og öðlist öryggi og trú á eigin getu í tjáskiptum. Að nemandi geri sér grein fyrir áhrifum eigin tilfinninga og fordóma á tjáskipti.

**Áfangamarkmið:** Að loknu námi í áfanganum á nemandi að:

- geta gert grein fyrir áhrifum eigin fordóma og tilfinninga á tjáskipti
- geta gert grein fyrir menningarlegum áhrifum á samskiptahætti og tjáskiptareglur ólíkra samfélaga
- sýna framkomu sem einkennist af virðingu og fordómaleysi
- búa að styrkri sjálfsmynd og trú á eigin getu í samskiptum
- geta fjallað um eigin styrkleika og veikleika í samskiptum
- þekkja þá þætti sem hafa áhrif á samskiptahæfni einstaklings í kvíða- og streituvaldandi aðstæðum
- geta gert grein fyrir áhrifum líkamstjáningar á gæði samskipta
- þekkja áhrifamátt orðavals í samskiptum
- geta sýnt fram á færni í samskiptatækni og málamiðlun
- geta útskýrt mikilvægi virkrar hlustunar í samskiptum
- geta útskýrt hvað lokar fyrir og hvað eykur flæði tjáskipta
- þekkja þau atriði sem hafa ber í huga í samræðum um viðkvæm málefni
- búa að grundvallarfærni í samskipta- og viðtalstækni

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	<b>Samskipti 103 (SAM103) FJARNÁM</b> <b>Kennsluáætlun vorönn 2014</b>	

**Námsgögn:** Fengin frá kennara- á netinu/Moodle.

**Námsmat og vægi námsþátta:**

Annarpróf: eitt próf á önninni eftir fyrri lotuna= 15%

Verkefni: vikuleg verkefnaskil á Moodle =30%

Lokapróf: í maí = 40%

Myndbandsverkefni: 15%

Til að ljúka áfanganum þarf að ná 4 í lokaprófinu og skila myndbandsverkefninu.


**Áætlun um yfirferð:**

	Námsefni
1. lota	Er hjúkrun samskiptastarf? Samskiptakenning- eflandi og niðurbjótandi samskiptahættir Hugmyndir okkar um annað fólk Fordómar og sjúkdómar Samskipti við fólk af erlendum uppruna í íslensku heilbrigðiskerfi Tilfinningar Sjálfstyrking, sjálfstraust Ákveðni og óákveðni
2. lota	Tvöföld skilaboð, þú og ég boð Virk hlustun. Likamstjáning, tjáskipti án orða, áhrif orðavald í samskiptum Nánd í samskiptum Samskipta- og viðtalstækni. Myndbandsverkefni Að ræða „erfið“ mál við skjólstæðinga Vinnustaðurinn :Að efla sjálfan sig í samskiptum- vinnustaðurinn.

Kennari áskilur sér rétt til breytinga á kennsluáætlun.

Dagsetning: 28.1.14

  
Undirritun kennara

  
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils